

## Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um sáttamiðlun í sakamálum.

Frá Helga Hrafni Gunnarssyni.

1. Hefur ráðherra kannað möguleika þess að koma upp formlegu sáttamiðlunarferli í sakamálum eins og gert hefur verið í nágrannalöndum okkar, m.a. Noregi og Danmörku?
2. Hefur ráðherra kynnt sér reynslu af tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum sem stóð yfir hér á landi á árunum 2006 og 2007? Ef svo er, hvernig metur ráðherra reynsluna af því verkefni?
3. Hefur ráðherra kynnt sér reynslu af sáttamiðlun, með tilliti til annars vegar bata eða bótar á tjóni brotþola og hins vegar betrunar geranda?
4. Telur ráðherra að sáttamiðlun í sakamálum geti aukið skilvirkni og hagræði í réttarkerfinu?